

Fundue 19.4.2021. dr. Helgi Pjeturss

Komið þið sælir.

Já blessaður, velkominn.

dr. Helgi Pjeturss.

Já velkominn.

Þótti mér miður að fundur féll niður fyrir nokkru og var ég með tilbúna ræðu og hyggst ég nú í kvöld flytja efni hennar að svo miklu leiti sem mér er unnt að koma því í gegn og veit ég að mikilvæg er samstilling hvers fundar og ekki alltaf hægt að koma því í gegn sem til var stefnt, þar sem stilliöfl þau sem lengst eru komin, ráða miklu um eðli þeirra sambanda sem koma fram hverju sinni.

Er nú nokkuð langt síðan ég kom í samband, að svo miklu leiti að mér væri það unnt að koma með langan fyrirlestur. En eru það mörg efni sem ég vildi fjalla um hér í kvöld og ekki víst að ég komi því öllu til skila en mun ég reyna að útskýra í hverju þeir örðugleikar eru fólgnir ef mér er það fyrir munað að koma einhverju til skila.

Ætla ég að byrja á því að fjalla um yfirlit æfi minnar á nýjum hnetti í framlífi og rifja upp ýmislegt sem við hefur borið á framlífs jörð.

Vissulega var ég forvígismaður og frumkvöðull þessarar miklu hugsunar sem breytt getur heimssýn og vísinda framförum alls mannkynsins, þegar hún loksins verður á almanna vitorði.

En engu að síður var svo komið fyrir mér að ég undraðist í fyrsta skipti sem ég rankaði við mér á nýjum hnetti.

Ekki út af hinum stóru grundvallaratriðum sem ég hafði gert mér grein fyrir áður en ég fluttist af jörðinni, heldur út af hinum smærri atriðum sem komu mér á óvart og voru sum hver ástæða til vísindalegrar rannsóknar í framlífi.

Síðan hefur það verið staðfest í öllum þeim samböndum sem þið hafið fengið með aðstoð fjölmargra miðla á langri starfsæfi félagsins að sömu eða svipuð viðbrögð eru eðlileg öllum þeim sem flytjast yfir fyrsta sinni og er það þó misjafnt eftir persónuleikum og þeim hnetti sem viðkomandi fer á.

Tók ég virkan þátt í fundum félagsins fyrstu árin og alltaf fannst mér að við værum rétt handan við hornið að vinna að,

Miðillinn finnur ekki orðið, það er orð hér,

Útbreiðslunni.

Útbreiðslu já útbreiðslu, stórkostlegri útbreiðslu málstaðarins og valda straumhvörfum í útbreiðslu málstaðarins en það stóð í stað ár eftir ár nema örlitlar breytingar frá ári til árs í áherslu málum og félaga fjölda eins og þið þekkið.

Og komum við í gegn ótal mörgum merkilegum atriðum og vil ég hvetja ykkur til þess að,

Rifja þau upp og koma þeim á framfæri.

Já safna saman, rifja upp og safna saman merkilegustu atriðunum sem komu fram á liðnum árum og áratugum og koma því á framfæri ef hægt er og má það vera mikið gagn í því, rifja það upp já.

Samhliða þessu tók ég þátt í rannsóknarleiðöngurum hér á þessum hnetti og fór í mínar fyrstu rannsóknarferðir og var það einungis til að kynnast af eigin raun jarðfræði eiginleikum hnattarins og bera það saman við gömlu jörðina.

Vona ég að ég geti komi því á framfæri síðar. En var það mér einnig mikilvægt að eiga samskipti við hinn merkilega Búrdlík sem unnið hafði að samskonar uppgötvunum og ég, á annarri jarðstjörnu og geyma fundir ykkar í fortíðinni ýmsan fróðleik um þau samskipti og uppgötvanir hans í framlífi sem voru samskonar og mínar að miklu leiti.

Þykir mér það leitt að okkur var ekki unnt að greina ykkur frá jarðhræringum þeim sem urðu á ykkar hnetti og vara ykkur við. Eru á því nokkur vandkvæði, við viljum hvetja miðilinn og aðra setjara sem eru í ykkar hópi til að lesa sér til um jarðfræði hugtök svo okkur verði það auðveldara að koma með slíkan fróðleik.

Já, já.

En ekki er mér það unnt að koma allri ræðu minni hér á framfæri að þessu sinni þar sem hún er í nokkrum hlutum og verð ég að stytta mál mitt til að aðrir komist að.

En ætla ég að reyna að koma með nokkur önnur atriði sem vert væri að minnast á.

Ég ætla að byrja á því að fjalla um jarðfræði hlutann, en vil ég gjarnan koma síðar og reyna að kynna ykkur steintegundir þessa hnattar sem ég nú er staddur á og í hverju þær eru frábrugðnar jarðneskum steintegundum og hverjar eru skyldar og sambærilegar.

Og jurtalífi og jarðhræringar þessa hnattar í fortíð og nútíð og hvernig okkur hefur verið unnt að ná tökum á þeim, þannig að minni skaði hefur hlotist af þeim og sérstaklega með aðstoð æðri vera, guða og gyðja í framlífi.

Ætla ég þó að minnast örfáum orðum á jarðhræringar á jörðinni og þótt okkur sé ekki unnt að vita allt í þeim efnum, þar sem við erum fjarri, eru nokkur atriði sem vert er að minnast á.

Setja verður þetta í samhengi við aðrar hörmungar sem á jörðinni hafa dunið og vil ég þar nefna, veirusýkil þann sem valdið hefur usla á jörðinni og sem margt bendir til að sé kominn frá hinu austræna ríki.

Hafi þó verið uppgötvaður á helstefnu jörð fjarri, fram hafi komið með tilraunum og hafi verið beitt í þeim tilgangi að ná meiri völdum.

Viljum við í því sambandi minnast á aðra ógn sem brotist getur fram og veirusýkil sem búið er að sleppa í fugla og þarf að fylgjast gætilega með og stöðva áður en úr því verður raunveruleg ógn fyrir mannfolk.

Vil ég að því búnu minnast á jarðhræringar á jörðinni, á Íslandi og víðar og er það rétt sem komið hefur fram að hætt er við því að Ísland sé að ganga inn í virkara tímabil í þessum efnum en verið hefur um langt skeið.

Og er fyrir mestu að gera sér grein fyrir því að það verður ekki umflúið að öllu leiti en hinsvegar getum við hrósað okkur á þessum hnetti með aðstoð lengra kominna og öflugri vera að hafa komið eldgosi þessu fyrir á Reykjanesinu, að það ylli sem minnstum skaða.

Já takk fyrir það.

En það er þó ekki allt búið enn og hefur Jahve hótað því að nái hann ekki að koma breytingum á með veirunni muni það hugsanlega gerast með jarðhræringum og mikil orka er enn þá eftir í Íslenskri jörð og getur hún bæði brotist út sem skjálftar og eldgos í framtíðinni.

Er það til að nefna, að ef að helstefnu öfl ná að stilla saman strengi sína með neikvæðum hætti og ef mannlífið er ekki nógu gott getur það aukið hættuna á tjóni af völdum þessara náttúrufyrirbæra.

Er þó rétt að minnast þess að Ísland er ekki eina landið sem á slíkt á hættu, heldur er það víða og hættan því meiri sem helstefnan er meiri hjá mannfólkinu.

Ætla ég nú að snúa mér að öðru efni sem er framlífsfræðin hér á þessari jörð og nokkur atriði sem rétt er að minnast á áður en ég slít sambandi þó ekki nái ég allri ræðunni.

Er það gleðilegt að við höfum komið því í gegn á mörgum fundum að framlífsfræði þau sem ég setti fram og félag þetta hefur starfað eftir af heilindum og reynt að kynna, eru tengd

eldra starfi heiðinna trúarbragða Ásatrúar og Grískrar goðafræði og ýmsu sem hér verður ekki upp nefnt allt að sinni.

En með nýjustu tækni hefur okkur tekist að eyða mörgum af þeim vafa atriðum sem til heyra trúarbrögðum og dulhyggju kenningum jarðarinnar og færa þær yfir á vísindabrautina.

Finnst mér það miður að ég hef ætlað mér of mikils hér í kvöld og hefði það verið til bóta að sem flestir hefðu mætt. En við reynum að gera gott úr þessu og erum mjög ánægðir með þann góða árangur sem náðst hefur í kvöld þrátt fyrir allt.

En verð ég víst að hleypa næsta sambandi að brátt, en gleður það mig mjög að hafa talað til ykkar og þakka ég fyrir viðleitni þá að minnast afmælis míns í framlífi.

Og vil ég sérstaklega styðja það heilshugar og hrósa þeirri viðleitni að kynna þetta í dagblöðum, tímaritum, já tímaritum og hefði gjarnan viljað koma á þeim degi sem til var stefnt.

Hefði kannski gengið betur en ég er sáttur við það sem fram hefur komið hér í kvöld og mun ég reyna að koma síðar og halda þessu áfram og sjálfsagt hægt að senda fleiri fræðimenn eða aðra sem gætu fjallað um þetta einnig.

Verð ég nú að kveðja, en vil ég þakka ykkur viðleitnina og hvetja ykkur áfram og fullyrði að þrátt fyrir margvíslegan mótbyr er hægt að segja að ýmis atriði séu félaginu í hag núna, meira en nokkru sinni áður.

Og vil þá fyrst nefna almenna vísindalega hugsun hjá fólki sem komið er á hærra plan en áður að ýmsu leiti og þá almennu viðurkenningu að líf geti verið á fleiri hnöttum.

Ætla ég nú ekki að vera langorðari að sinni, en vil ég ítreka það að helstefnu herrarnir ráðast oft til atlögu þegar þeir sjá að árangur er að nást og vil ég fullyrða það að engin ástæða er til þess að láta hugfallast.

Og ástæða til að halda að vel geti gengið ef haldið verður áfram með jafn góðum mannskap við næsta tækifæri og vonandi fengi sem flesta miðla. En erum við þakklátir fyrir það sem komið hefur fram með þeim miðlum sem enn þá eru að störfum eða hafa verið.

Kveð ég ykkar að sinni og þakka fyrir góðan fund og munum reyna að koma efni þessa erindis betur fram síðar.

Verið þið sælir.

Vertu blessaður Helgi og gaman að heyra í þér.